

1361, LM; 1362, AEG. Fundr á Hólum Tiburtiusmessu; komu norðan Eyfirðingar allir, lærðir sem leikir. Þar kom Smiðr ok officialis af Skálholti; varð engi sætt á því þingi. Fóru Eyfirðingar utan til Noregs á ferju, er þeir keyptu at Þverárstað, Þorsteinn Hallsson, Stephán, Guðmundr lágr, prestar; Þorsteinn Eyjólfsson, Ólafr Pétsson, leikmenn; tóku Hálogaland; greip Hreiðar (Einarr, GL) darri bæði skip ok góts, ok færði leikmenn til konúngs í haldi, en Síra Þorsteinn andaðist á því ári ok allir hans kumpánar.... FILN; 1362, AEG. Utanferð Jóns biskups; sat hann í Þrándheimi um vetrinn, ok fékk eingan létta af Ólafi erki-biskupi í sínum málum. FL Biskupslaust á Íslandi.

1362, FILMN; 1363, AEG. Kom út Þórarinn biskup, vígðr til Skálholts, ok svá Jón biskup Eiríksson; stigu þeir á land næsta dag fyrir Michaelismessu.... Jón biskup fór heim til Hóla, eigi með meira skilríki enn áðr; AE GL. héldu Eyfirðingar samt óhlyðni við biskup, sem áðr.

1363, FHI. Frelsaði Magnús konúngur Þorstein Eyjólfsson á Vaðbergshús í Hallandi, í brulllaupi Hákonar sonar hans ok Margrêtar dóttur Valdimars konúngs, ok gjörði hann öldungis kvittan af öllum málum ok reikningi.

1364, FHIN. Útkoma Þorsteins bónda Eyjólfssonar